

Hveragerði 10. febrúar 2014

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson, skipulagsfulltrúi

Lýsing deiliskipulagstillögu.

-Svæði:

Rauðilækur lóð, 9.7 ha spilda, stofnuð úr landi Rauðalækjar lnr. 186507

-Eigendur:

Neslækur ehf.

Eigendur Neslæks ehf eru eigendur og ábúendur að aðliggjandi jörðum, Ásnesi og Rauðalæk.

-Skipulagsráðgjafi:

Sigurður Þ Jakobsson, Bólta ehf

Fullbúin deiliskipulagstillaga er áætluð í febrúar 2014

-Markmið:

Ætlunin er að byggja og reka alifuglahús á lóðinni. Áætlað er að heildarmagn verði bygginga verði allt að 3000 m² í 4-5 húsum, fjöldi stæða: allt að 39.900 . Einnig verði byggð haugþró til geymslu fuglaskíts.

-Landnotkun:

Svæðið er skipulagt sem landbúnaðarsvæði. Í greinargerð með aðalskipulagi 2010-2022 stendur: *Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri.* Ekki liggur fyrir deiliskipulag svæðisins eða aðliggjandi svæða.

-Aðstæður:

Lóðin sem um ræðir er grasigróið, framræst mýrarland. Engin mannvirki eru á lóðinni. Í grenndinni eru íbúðarhús, útihús og mannvirki tengd hefðbundnum landbúnaði. Fjarlægð frá fyrirhuguðum byggingareit að íbúðarhúsi í Ásnesi er um 160 m og um 280 m að íbúðarhúsi á Rauðlæk. Önnur íbúðarhús eru í um og yfir 500 m fjarlægð sbr. meðf. afstöðumynd. Aðkoma að lóðinni verður af Hringvegi (1) um Ásnesveg (3934) og síðan um slóða með Sandá.

-Umhverfisáhrif

Áhrif framkvæmdar á umhverfið verða óveruleg enda verði farið að reglum um starfsleyfi fyrir alifuglabú og gildandi lögum og reglugerðum sem þennan búrekstur varðar.

Fyrir liggur samþykki Umhverfisráðuneytis fyrir undanþágu ákvæðis um lámarksfjarlægð, samkv. reglug 941/2002, til íbúðarhúsa eigenda.

Ekki er vitað um neinar fornminjar á svæðinu.

Umsagnaraðilar aðrir en lögbundnir eru eigendur annarra aðliggjandi lóða.

F. h. framkvæmdaraðila

Sigurður Þ Jakobsson